

RITSTJÓRNIN

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Eins og í fyrri tölublaðum Gáttar munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvarinnar.

Settar eru fram tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt hér í ársritinu Gátt þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra.

Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig. Innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veltir fyrir sér heppilegri hugtakanotkun og prófar sig áfram með mismunandi hugtök.

Í fyrsta tölublaði Gáttar höfum við umræðuna um merkingu hugtaka á sviði fullorðinsfræðslu og héldum því áfram í næstu tölublaðum. Að þessu sinni höfum við valið að setja fram skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í evrópsku færni viðmiðunum (The European Qualifications Framework). Umræður um þessi hugtök eru að hefjast og ljóst að mikil vinna er framundan við nánari skilgreiningar.

Hugtak á ensku: Íslensk þýðing:

Merking / skilgreining:

Competence	Færni	Geta til að beita þekkingu, kunnáttu og verkfærni í venjubundnum og breytilegum aðstæðum. Með hugtakinu „færni“ er átt við birtingarmynd á færni einstaklings til að ljúka verki eða viðfangsefni á sjálfstæðan máta þannig að árangurinn eða afraksturinn samsvari þeim kröfum sem gerðar eru hverju sinni.
Skills	Verkfærni	Kunnátta og reynsla sem þarf til að framkvæma tiltekið verk eða starf. Að geta nýtt þekkingu sína á áhrifaríkan hátt til að leysa ákveðin verk af hendi t.d. um iðnaðarmenn að störfum.
Qualification	A. Færnivottorð B. Viðmiðunarfærni	A. Opinber staðfesting/skírteini á skilgreindum námslokum eða „áfanga“. Staðfestingin er formleg niðurstaða viðurkenningarferlis og felur í sér viðurkenningu á mikilvægi námsins á vinnumarkaði og við áframhaldandi nám. B. Viðmiðunarfærni einstaklingsins til að sinna ákveðnu starfi.